

**SIGGI SIGURJÓNS ER**

**AFINN**





**Bjarni Haukur Þórsson**

# **Afinn**

**Borgarleikhúsið**

**2010/2011**

<b>Afinn</b> .....	Sigurður Sigurjónsson
<b>Leikstjórn</b> .....	Bjarni Haukur Þórssón
<b>Leikmynd og búningar</b> .....	Finnur Arnar Arnarson
<b>Lýsing</b> .....	Kári Gíslason
<b>Tónlist</b> .....	Pálmi Sigurhjártarson

**Sýningarstjórn:**

Hlynur Páll Pálsson

**Aðstoðarleikstjóri:**

Birna Hafstein

**Hljóð:**

Baldvin Magnússon

**Myndband:**

Jorri

**Búningagerð:**

Stefanía Adolfsdóttir, forstöðumaður

Maggý Dögg Emilsdóttir

Elma Bjarney Guðmundsdóttir

Katrín Óskarsdóttir.

**Hárgreiðsla og förðun:**

Sigríður Rósa Bjarnadóttir, forstöðumaður

Elín Sigríður Gísladóttir

Sigurborg Íris Hólmgeirsdóttir

María Erna Jóhannesdóttir

Eyrún Harpa Haraldsdóttir

Gunnhildur Erlingsdóttir

**Leikmyndagerð:**

Smíðaverkstæði Borgarleikhússins

Gunnlaugur Einarsson, forstöðumaður

Egill Hjaltalín

Haraldur Halldórsson

Ragnar Hólmarsson

Hörður Guðmundsson

Skúli Þorsteinsson.

**Leikmunir:**

Kristján Björn Þórðarson, forstöðumaður

Þorleikur Karlsson

Aðalheiður Jóhannesdóttir

Sara Torcato

**Leikskrá:**

Ritstjórn: Frank Hall og Hafliði Arngrímsson

Útgefandi: Leikfélag Reykjavíkur

Leikhússtjóri: Magnús Geir Þórðarson

Ljósmyndun: Grímur Bjarnason

Útlit: Fiton

Umbrot: Jorri

Prentun: Prentmet

**Hljóðdeild:**

Jakob Tryggvason, forstöðumaður

Ólafur Örn Thoroddsen

Baldvin Magnússon

Thorbjörn Knudsen

**Ljósadeild:**

Þórður Orri Pétursson, forstöðumaður

Björn Bergsteinn Guðmundsson, yfirljósahönnuður

Magnús Helgi Kristjánsson

Kjartan Þórisson

**Leiksvið:**

Kristinn Karlsson forstöðumaður

Einar Rúnarsson

Friðþjófur Sigurðsson

Steingrímur Guðjónsson

Richard H. Sævarsson

Þorbjörn Þorgeirsson

Bergur Ólafsson

**Upptaka og hljóðblöndun tónlistar:**

Þröstur Jóhannsson, Studio M-music.

**Gítar, Bassi:**

Þröstur Jóhannsson

**Píanó, hljómborð, harmonikka, bassi, trommur, slagverk:**

Pálmi Sigurhjártarson

**Borgarleikhús og Thorsson Productions þakka eftirtöldum**

Brasse Brännström

Hrefna Ólafsdóttir

Ingibjörg Ásta Halldórsdóttir

Margrét Erlendsdóttir

Lísa Charlotte Harðardóttir

Dröfn Sigurðardóttir

Birna Sigurðardóttir

Sigurjón Sigurðsson

Hole in One

Golfbúðin,

Lyfja

Þorbjörg Þráinsdóttir

**Afinn er 551. viðfangsefni Leikfélags Reykjavíkur**

Sýningin er samstarfsverkefni Borgarleikhússins og Thorsson Productions

Frumnýning 14. janúar 2011 á Nýja sviði Borgarleikhússins


Sýningartími er u.þ.b. 100 mínútur

Eitt hlé er á sýningunni.

Ljósmyndir eru teknar á æfingum og eru því ekki endanleg heimild um sýninguna.



**THORSSON**  
PRODUCTIONS  
[www.thorsson.is](http://www.thorsson.is)



# Fyndið, satt og hjartnæmt

Stutt spjall við Bjarna Hauk Þórssón

## Hvað rak þig til þess að skrifa um afahlutverkið?

Þegar við Siggi vorum að vinna að leiksýningunni Pabbanum fyrir fjórum árum þá töluðum við um að við yrðum svo að gera Afann einhvern tímann. Enda er Afinn óumflýjanlegt framhald Pabbans. Lífshlaupið er áhugavert ekki síst þegar fólk stendur á tímamótum og eftir töluverða heimildarvinnu áttaði ég mig á hversu spennandi efni þetta væri.

## Þú hefur einbeitt þér talsvert að einleikjaforminu, Hellisbúinu, Pabbinn og Afinn, er einhver sérstök ástæða fyrir því?

Nei í rauninni ekki, þetta hefur bara æxlást svona. Hef nú reyndar gert ýmislegt annað líka en já það er rétt Afinn er þriðji eða fjórði einleikurinn sem ég vinn að. Kannski verða þeir fleiri, hver veit? Plúsin við einleikinn getur verið sá að maður á í rauninni samtal við áhorfandann og tengist honum mjög vel. Þetta getur gert bæði leikaranum og áhorfandanum auðveldara fyrir að tengjast sögunni og flutningnum. Mínusinn er auðvitað hvað þetta getur verið einmanalegt.

## Hver er galdurinn við að skrifa góðan einleik?

Ég held að eini galdurinn við að skrifa gott leikrit sé að vera með gott efni í höndunum, hvort sem það er einleikur eða fjölleikur. En ég er voðalega lítið að pæla í einleik sem slíkum, aðallega sögum og hvernig er best að koma þeim til skila.

## Þú hefur unnið talsvert með Sigurði Sigurjónssyni, þið skiptið t.a.m. um hlutverk í þessari sýningu, nú leikur hann en þú leikstýrir, í sýningunni Pabbanum var því öfugt farið. Geturðu sagt okkur örlítið frá þessu samstarfi?

Já við Siggi höfum unnið nokkrum sinnum saman og það hefur gefið mér mikið. Ég hef lært mikið af því að vinna með Sigga enda er hann flinkur leikhúsmáður. Við unnum fyrst saman árið 1998 og síðan þá höfum við með reglulegu millibili baukað eitthvað saman. Ætli við eigum ekki eftir að krúnka okkur eitthvað saman á nokkurra ára fresti það sem eftir er og sjóða sögur saman. Allavega á meðan við höfum áhuga, heilsu og löngun til gerum við það. Við vinnum sýningarnar okkar yfirleitt á löngum tíma, hittumst með reglulegu millibili og spjöllum og köstum hugmyndum á milli okkar. Þannig finnst okkur best að vinna og það hefur bara gefist vel. En þetta er bara eins og hver önnur vinna, þetta snýst bara um að mæta í vinnuna, bretta upp ermarnar og ganga í hlutina. Þetta er svo sem ekkert flókið.

## Hverjar eru þínar helstu fyrirmyndir í leiklistinni?

Eftir því sem maður eldist pælir maður minna í fyrirmyndum. Reyndar finnst mér Siggi Sigurjóns góður leikari og hann hefur kennt mér mikið. Ég hélt mikið upp á Bessa líka. Bill Cosby finnst mér vera guðfaðirinn þegar kemur að gríni og uppstandi og hann er og verður alltaf mín helsta fyrirmynd. Svo hef ég alltaf haldið mikið uppá breska leikarann Michael Gambon einhverra hluta vegna. Fyrirmyndir í skrifum eru margar en gæti þó nefnt; David Mamet, Neil Simon, David Hare, Terrence McNally og Yasmina Reza. Ég tengi oft best við efni og höfunda sem hafa næmt auga fyrir kómik og geta komið efninu frá sér á bæði fyndinn en sannan og jafnvel hjartnæman hátt.





# Sigurður Sigurjónsson



Sigurður Sigurjónsson, leikari er borinn og barnfæddur Hafnfirðingur sonur hjónanna Sigurjóns Sigurðssonar, sjómanns og Kristbjargar Guðmundsdóttur. Fæddur í heimahúsi 6. júlí árið 1955, rigningarsumaríð mikla sem svo er nefnt oftar en flest önnur sumur. Síðan hefur ekki rignt þennan dag, alltaf sól og blíða. Allt það sumar í sólinni í Stokkhólmi ræddi Nóbelsnefndin um það hver væri þess verðugur að hljóta næstu bókmenntaverðlaun. Þau voru afhent Halldóri Laxness í desember 1955. Ýmsir aðrir merkisviðburður urðu þetta ár en enginn skyggir í raun og veru á heimafæðinguna í Hafnarfirði.

Sigurður gekk í Óldutúnskóla og útskrifaðist úr Flensborgarskóla sem gagnfræðingur. Fyrstu skref Sigurðar á leiksviði voru hjá skátunum í Hafnarfirði og svo náttúrulega í Flensborgarskóla. Er hann ákvað að ganga leiklistargyðjunni á hönd var enginn opinber leiklistarskóli starfandi á Íslandi og því ekki annað til ráða en að stofna hann úr því að þunglamalegt menntakerfi hafði ekki komið því í verk. Það var ekki nokkur leið að biða. Hópur ungs fólks stofnaði leiklistarskóla SÁL (Samtök áhugamanna um leiklistarmenntun). Sumir litu á þetta fólk sem ólátabelgi, uppivöðslusama og óharðnaða unglunga. Síðan var Leiklistarskóla Íslands stofnaður og þaðan útskrifaðist Sigurður árið 1976. Þetta var fyrsta útskrift skólans. Hann á því þrjátíu og fimm ára leikafmæli um þessar mundir. Sigurður tók þátt í tveimur nemendasýningum: Hjá mjólkurskógi eftir Dylan Thomas og Undir suðvesturhimni eftir Sigurð Pálsson.

Eftir Leiklistarskólann réðst Sigurður strax til starfa hjá Þjóðleikhúsinu og var þar fastráðinn í hart nær þrjátíu ár og lék þar í á annað hundrað leiksýningum. Hann hefur leikið í fjölmörgum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum og er eins og allir vita meðlimur Spaugstofunnar, sem höfundur og leikari. Spaugstofuþættirnir eru orðnir mörg hundruð talsins. Hann hefur einnig fengist við leikstjórn: Hellisbúinn í Íslensku óperunni, Dýrin í Hálsaskógi, Gamansami harmleikurinn, Maður í mislitum sokkum, barnaleikritið Latibær og Dýrin í Hálsaskógi í Þjóðleikhúsinu og Sniglaveislan og Óvitar hjá Leikfélagi Akureyrar.

Sigurður hefur leikið fjöldamörg veigamikil hlutverk í leikverkum af öllu tagi, dramatískum verkum, gamanleikritum, barnaleikritum og söngleikjum. Meðal hlutverka hans má nefna Kalla í Stalín er ekki hér eftir Véstein Lúðvíksson 1978. Fólk þótti afar efnilegur leikari á ferð enda hlaut hann styrk úr Minningarsjóði Frú Stefaníu Guðmundsdóttur aðeins tuttugu og tveggja ára og er enn meðal yngstu styrkþega sjóðsins.

Ári síðar lék Sigurður Árna í Stundarfríði eftir Guðmund Steinsson, sem í minningunni er eiginlega harmleikur lífsfyrirringar, græðgi og taumlausrar eyðslu þar sem aldrei virtist vera næði og allir sífellt á iði, - alltaf. Stundarfríður var sýndur ótal sinnum bæði í Þjóðleikhúsinu og víða erlendis.

Amadeus í samnefndu leikriti eftir Peter Schaffer. Sigursæll gamanleikur sem endar í miklum harmi. Ef til vill er það þar sem Sigurður skipar sér í flokk okkar fremstu leikara með því að leika Mozart. Ég man ekki betur en einhverjir hafi nefnt frammistöðu Sigurðar listrænan sigur. Minningin ljóslifandi. Mozart ódauðlegur.

Raggi, ástfanginn ungur bifvélavirki í Bílaverkstæði Badda eftir Ólaf Hauk Símonarson. Eða ógleymanlegur Mikki Refur í Dýrunum í Hálsaskógi.

Þjónninn Sganarelle í Don Juan einu ódauðlegra verka Molières. Þar fór ekki fram hjá neinum að stórleikari væri á ferð. Þar skapaði hann ódauðlega persónu úr auðmjúkum og húsbóndahollum þjóni sem reynir eftir fremsta megni að leiðbeina herra sínum og forða honum frá glötun.

Greger Werle í Villiöndinni eftir Henrik Ibsen, flókin persóna, óþokki, hugsanlega veikur á geði og leggur líf Ekdalfjölskyldunnar í rúst.



Stalín er ekki hér

Villiöndin

Stundarfriður

Don Juan

Amadeus

Bílavekstæði Badda

Harry og Heimir

Dúfurnar

Þannig væri hægt að halda áfram að rifja upp allar þær margvíslegu persónur sem Sigurður hefur skapað: kómískar, dramatískar, tragískar. Hann hefur gefið okkur harða menn, óharðnaða, veika, jafnvel illa menn en einnig ljúfa og aumkunarverða: Árna í Stundarfriði, Amadeus, Hitler í Sveik í síðari heimsstyrjöldinni, Jón Grindvíking, Ragga í Bílavekstæði Badda, Trinkúló í Ofviðrinu, Berg í Hafinu, Dofrann í Péttri Gaut, Mikka ref, Werle í Villiöndinni, Ferapont í Bremur systur, Grafarann í Hamlet, utangátta sálfræðing í Dúfunum, furðufuglana í Harry og Heimi hér í Borgarleikhúsinu. Ó mæ God!, Einmitt, - Reykás og Kristján heiti ég ... Þetta eru einungis fáeinir ógleymanlegar persónur, ódauðlegar, - landslag hver útaf fyrir sig. Þær eru landslag leikritanna og til að lýsa þeim þarf stærð og form sem vekur forvitni og áhuga, frelsi eða rými fyrir leikarann til að ganga fram á ystu nöf og stækka þær – gera persónurnar að ógleymanlegum risum sem við, áhorfendur, komumst ekki hjá því að sjá í allri sinni dýrð, ef svo má segja. Góðir leikarar snerta okkur en þeir hafa einnig kennt okkur að ekki er til ómerkilegt eða öllu heldur óáhugavert fólk. Vinna leikarans er nefnilega ekki smásmuguleg eftirlíking af mannfólki, hvorki skrumskæling né hraðsuða af neinu tagi, heldur stækkun. Og þótt heimsfræg svimandi setning segi að sérhver maður sé hydýpisgjá þá er hægt að umbreyta henni þegar hugsað er um bestu leikara og segja: Sérhver maður er risi. Þess vegna skiptir ekki máli hvort leikarinn góði er kómískur eða harmrænn einfaldlega vegna þess að hann er bæði og: Harmrænn í gamanseminni, kómíker með ótta og skelfingu í farteskinu.

Nú tekst Sigurður á við einleiksformið sem honum finnst bæði spennandi og ógnvekjandi og eins og hann orðar það sjálfur: „Leggur sjálfan sig að veði!“ Sannur leikari veitir nefnilega hvorki sjálfum sér né öðrum ró. Hann er á mörkum brjálsemi, fer aldrei yfir mörkin en er alltaf á þeim. Það hefur Sigurður gert í þrjátíu og fimm ár. Þannig hefur hann haldið lífi í sjálfum sér og öðrum og á vonandi eftir að gera lengi enn.

HA

# Bjarni Haukur Þórsson

## Höfundur og leikstjóri

útskrifaðist frá The American Academy of Dramatic Arts í New York árið 1995 og lék með The Willow Cabin Theater Group á Off Broadway í um ár eftir útskrift, ásamt því að leika og framleiða sýninguna Standing On My Knees í Westbeth Theater í New York. Við heimkomu leikstýrði hann Master Class eftir Terrence McNally í Íslensku óperunni. Ári síðar leikstýrði Bjarni Trainspotting með Ingvari E. Sigurðssyni í aðalhlutverki í Loftkastalanum. Árið 1998 lék Bjarni hlutverk Hellisbúans í Íslensku óperunni og lék þá sýningu í um þrjú ár. Árið 2007 frumsýndi Bjarni hinn geysivinsæla einleik Pabbann sem sýndur var í um tvö ár hérlendis. Alls eru um fimmtán erlendar uppsetningar á Pabbanum á fjöllum víðs vegar um heiminn. Bjarni hefur leikstýrt fjölda leikverka á Íslandi sem og erlendis og má þar nefna; Grease í Göta Lejon í Stockhólmi, Hellisbúann í Chat Noir í Osló, The Sunshine Boy's í China Teater í Stockhólmi og Pabbann í Chat Noir í Osló. Sem framleiðandi hefur Bjarni framleitt yfir fjórtíu sýningar í sjö löndum. Einnig hefur Bjarni skrifað og leikstýrt fyrir sjónvarpsstöðvar á Íslandi, Noregi og Svíþjóð. Afinn er fyrsta höfundar- og leikstjórnar verkefni Bjarna í Borgarleikhúsinu.

# Finnur A. Arnarson

## Leikmynd og búningar

útskrifaðist úr fjöltækni-eild Myndlista- og handíðaskóla Íslands 1991. Hann starfaði sem leikmunavörður og sviðsmaður hjá Þjóðleikhúsinu eftir útskrift en fór fljótlega að hanna leikmyndir fyrir ýmis leikhús og hefur hann meðal annars hannað leikmyndir í Hafnarfjarðarleikhúsinu við leikritin Himnaríki eftir Árna Ibsen, Birting eftir Voltaire, Platonov og Englabörn eftir Hávar Sigurjónsson. Finnur hannaði einnig leikmyndir við West Side Story, Kardemommubæinn, Cyrano frá Bergerac, Stjórnlýsingi ferst af slysförum og Íslandsklukkuna í Þjóðleikhúsinu og Kryddlegin hjórtu, söngleikinn Sól og Mána og Rautt brennur fyrir í Borgarleikhúsinu. La Bohem og Janis 27 eftir Ólaf Hauk Símonarson í Íslensku Óperunni ásamt leikmyndum fyrir Leiklistarskóla Íslands sem og nokkrar leikmyndir erlendis. Finnur Arnar starfar einnig sem myndlistarmaður og hefur haldið fjölda einka- og samsýninga hér heima og erlendis.

# Kári Gíslason

## Ljóahönnun

er skipulagsstjóri Borgarleikhússins. Hann var ljósamaður í Borgarleikhúsinu frá 1993-2008. Hann hefur hannað lýsingu við fjölda leiksýninga, má þar nefna Fegurðardrottninguna frá Línakri, Spurvagninn Girnd, Púntilla og Matta, Sölku Völku, Belgíska Kongó og Manntafl. Hann hefur tvívegis verið tilnefndur til Grímuverðlauna fyrir lýsingu, Rómeu og Júlíu og Dag vonar. Hann hefur einnig lýst sýningar hjá Íslenska dansflokknum.

# Pálmi Sigurhjártarson

## Tónlist

er fæddur í Reykjavík 1965, og hefur starfað sem tónlistar- og hljómsveitarstjóri í ýmsum leikhús-, sjónvarps- og útvarpsverkefnum undanfarin ár og verið eftirsóttur meðleikari helstu söngvara og sviðslistamanna þjóðarinnar. Pálmi hefur einnig verið ötull laga- og textasmiður, meðfram því að útsetja og spila fyrir aðra höfunda og flytjendur. Meðal leikhúsverkefna eru Söngleikurinn Ást sem settur var upp í Borgarleikhúsinu og Lyric Hammersmith leikhúsinu með Vesturporti, Þetta er lífið í lðnó og Orð skulu standa í Borgarleikhúsinu. Pálmi mun einnig sjá um tónlistarstjórn í sýningu Vesturports Húsmóðirin, sem verður frumsýnd í Borgarleikhúsinu í apríl.



# Borgarleikhúsið

## og Leikfélag Reykjavíkur

Leikfélag Reykjavíkur er eitt elsta starfandi menningarfélag á Íslandi, stofnað 11. janúar 1897 er tveir hópar áhugamanna um leiklist sameinuðust í eitt félag. Helsti hvatinn að stofnun félagsins var bygging Iðnaðarmannahússins við Tjörnina. Félaginu var falin varðveisla eigna Kúlissusjódísins svonefnda, sem var myndaður af aðgangseyri hinna fyrstu opinveru leiksýninga í Reykjavík 1854. Leikfélag Reykjavíkur starfaði óslitið í Iðnó þar til árið 1989 er öll starfsemi félagsins fluttist í nýtt leikhús, Borgarleikhúsið, sem Reykjavíkurborg byggði í samvinnu og samráði við Leikfélag Reykjavíkur.

## Stjórn Borgarleikhússins

Nýr samningur Leikfélags Reykjavíkur og Reykjavíkurborgar gekk í gildi 11. janúar árið 2001. Þá leysti stjórn Leikfélags Reykjavíkur leikhúsráð af hólmi og tók ábyrgð á rekstri leikhússins. Síðar voru gerðar breytingar á samþykktum félagsins og það opnað öllu áhugafólki um leiklistarstarfsemi LR, en frá stofnun þess voru það eingöngu starfsfólk Leikfélagsins sem áttu aðild að félaginu. Stjórn er kosin á aðalfundi og er í dag skipuð áhugafólki um rekstur Borgarleikhúss. Ræður hún til sín leikhússtjóra og framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur leikhússins.

Í dag sitja stjórn þau Inga Jóna Þórðardóttir, formaður. Marta Nordal, ritari, Þórólfur Árnason, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Theódór Júlíusson. Varamenn eru þær Edda Þórarinsdóttir, Valgerður Bjarnadóttir og Finnur Oddsson.

### Leikhússtjórar Leikfélags Reykjavíkur

- ..... Sveinn Einarsson 1963 - 1972
- ..... Vigdís Finnbogadóttir 1972 - 1980
- ..... Stefán Baldursson og Þorsteinn Gunnarsson 1980 - 1983
- ..... Stefán Baldursson 1983 - 1987
- ..... Hallmar Sigurðsson 1987 - 1991
- ..... Sigurður Hróarsson 1991 - 1996
- ..... Viðar Eggertsson 1996
- ..... Þórhildur Þorleifsdóttir 1996 - 2000
- ..... Guðjón Pedersen frá ágúst 2000 - 2008
- ..... Magnús Geir Þórðarson 2008 -

### Heiðursfélagar Leikfélags Reykjavíkur

- ..... Baldvin Tryggvason
- ..... Jón Sigurbjörnsson
- ..... Steindór Hjörleifsson
- ..... Steinþór Sigurðsson
- ..... Sveinn Einarsson
- ..... Guðrún Ásmundsdóttir
- ..... Vigdís Finnbogadóttir

# Fastráðnir starfsmenn:

## Yfirstjórn og skrifstofa

Magnús Geir Þórðarson, leikhússtjóri  
Þorsteinn S. Ásmundsson, framkvæmdastjóri  
Hafliði Arngrímsson, leiklistarráðunautur  
Frank Hall, listrænn ráðunautur  
Hildur Harðarsóttir, markaðsstjóri  
Jón Þorgeir Kristjánsson, markaðsfulltrúi  
Helga Pálmadóttir, gjaldkeri  
Kári Gíslason, skipulagsstjóri

## Leikarar á föstum samningi

Bergur Þór Ingólfsson  
Dóra Jóhannsdóttir  
Elma Lís Gunnarsdóttir  
Guðjón Davíð Karlsson  
Halldór Gylfason  
Halldóra Geirharðsdóttir  
Hallgrímur Ólafsson  
Hanna María Karlsdóttir  
Hilmar Guðjónsson  
Hilmir Snær Guðnason  
Ilmur Kristjánsdóttir  
Jóhann Sigurðarson  
Jóhanna Vígdís Arnardóttir  
Jörundur Ragnarsson  
Kristín Þóra Haraldsdóttir  
Lára Jóhanna Jónsdóttir  
Margrét Helga Jóhannsdóttir  
Nína Dögg Filippusdóttir  
Pétur Einarsson  
Rúnar Freyr Gíslason  
Sigrún Edda Björnsdóttir  
Theódór Júlíusson  
Unnur Ösp Stefánsdóttir  
Þröstur Leó Gunnarsson

## Listrænir stjórnendur

Kristín Eysteinsdóttir, leikstjóri  
Snorri Freyr Hilmarsson, leikmyndahönnuður

## Sýningarstjóradeild

Anna Pála Kristjánsdóttir, sýningarstjóri, Stóra svið  
Halldóra Magnúsdóttir, sýningastjóri, Stóra svið  
Ingibjörg Bjarnadóttir, sýningarstjóri, Stóra svið  
Chris Astridge, sýningarstjóri, Nýja svið  
Hlynur Páll Pálsson, sýningarstjóri, Litla svið

## Leiksvið

Kristinn Karlsson, forstöðumaður  
Friðþjófur Sigurðsson, aðstoðarsviðsstjóri  
Einar Rúnarsson, tæknisviðsstjóri  
Richard H. Sævarsson, sviðsmaður  
Steingrímur Guðjónsson, sviðsmaður

## Leikgervadeild

Sigríður Rósa Bjarnadóttir, forstöðumaður  
Elín Sigríður Gísladóttir

## Ljósadeild

Þórður Orri Pétursson, forstöðumaður  
Björn Bergsteinn Guðmundsson, yfirljósahönnuður  
Magnús Helgi Kristjánsson, ljósamaður  
Kjartan Þórisson, ljósamaður

## Hljóð- og tölvudeild

Jakob Tryggvason, forstöðumaður  
Ólafur Örn Thoroddsen, hljóðmaður, verkefnastjóri  
Thorbjörn Knudsen, hljóðmaður  
Stefán Þórarinsson, tölvuumsjón

## Búningadeild

Stefanía Adolfsdóttir, forstöðumaður  
Maggý Dögg Emilsdóttir, búningagerð  
Elma Þjarney Guðmundsdóttir, búningagerð

## Leikmunadeild

Kristján Björn Þórðarson, forstöðumaður  
Aðalheiður Jóhannsdóttir, yfirleikmunavörður  
Þorleikur Karlsson, starfsmaður  
Sara Torcato, starfsmaður

## Smiðaverkstæði

Gunnlaugur Einarsson, forstöðumaður  
Egill Örn Hjaltalín, smiður  
Haraldur Björn Halldórsson, smiður

## Miðasala og framhús

Guðrún Stefánsdóttir, miðasölu- og framhússtjóri  
Vigdís Theodórsdóttir, vaktstjóri  
Ása Guðrún Sverrisdóttir  
Guðrún Sölvadóttir  
Ingibjörg Magnúsdóttir, ræstitækni

## Eldhús

Sigurveig Guðmundsdóttir, forstöðumaður  
Bryndís Hilmarisdóttir  
Áslaug Sunna Óskarsdóttir  
Halldór Steinn Halldórsson  
Stefanía Þórarinsdóttir

## Ræsting

Elín Anna Sigurjónsdóttir, ræstitækni  
Signý Amelía Hackart, ræstitækni

## Umsjón húss:

Ögmundur Þór Jóhannesson

## Móttaka

Agnes Lily Guðbergsdóttir, móttökuritari  
Ágústa Særún Magnúsdóttir, móttökuritari

## Borgarleikhúsið

Listabraut 3, 107 Reykjavík  
Miðasala: 568-8000, skrifstofa: 568-5500  
Netfang: borgarleikhus@borgarleikhus.is  
www.borgarleikhus.is

## Nei ráðherra!

Tveggja tíma hláturskast...  
með hléi

Ýmsum óþrífnaði hefur ráðherrann ungi sópað undir teppi, atvinnulygarinn sjálfur, en þó aldrei dauðum manni – og það á hótélherbergi – með viðhaldinu – sem er innsti koppur í búri stjórnanarstöðunnar. Það stóð ýmislegt til í þessu hótélherbergi en ekki þetta!

Hvað gera ráðherrar nú? Þeir hringja auðvitað í strangheiðarlegan og vammausan aðstoðarmann sinn sem lendir í skítverkunum eins og venjulega. Það þarf að sjá um viðhaldið, fela verksummerki, losna við líkið, bera fé í útsmoginn þjón og síðast en ekki síst að halda öllu leyndu fyrir afbrýðisömum eiginmönnum og -konum.

Þessi drepfyndni gamanleikur kemur úr smiðju Ray Cooney konungs gamanleikjanna. Hann er Íslendingum að góðu kunnur en gamanleikirnir Með vífið í lúkunum, Tveir tvöfaldir og Viltu finna milljón? hafa allir notið vinsælda hér á landi.

Nei, ráðherra (Out of Order) hlaut hin eftirsóttu Olivier-verðlaun sem besti gamanleikurinn í Bretlandi þegar verkið var frumsýnt. Verkið hefur slegið í gegn víða um heim en fer nú í fyrsta skipti á íslenskar leik- húsfjalir og verður flutt í íslenskri heimfærslu Gísla Rúnars Jónssonaren hann hefur matreitt og kryddað marga af bestu gamanleikjum seinni ára héraendis, m.a. Fló á skinni og Sex í sveit.

**Frumstýnt 25. febrúar 2011 á Stóra sviðinu**



**Höfundur** Ray Cooney

**Þýðing og heimfærsla** Gísli Rúnar Jónsson

**Leikstjórn** Magnús Geir Þórðarson

**Leikmynd** Snorri Freyr Hilmarsson

**Lýsing** Björn Bergsteinn Guðmundsson

**Tónlist** Baggalútur

### Leikarar

Guðjón Davíð Karlsson

Lára Jóhanna Jónsdóttir

Sigurður Sigurjónsson

Hilmar Guðjónsson

Jóhanna Vígdís Arnardóttir


Pröstur Leó Gunnarsson

Bergur Þór Ingólfsson

Unnur Ösp Stefánsdóttir

Rúnar Freyr Gíslason

Elma Lía Gunnarsdóttir



**Höfundur** William Shakespeare

**Þýðing** Sölvi Björn Sigurðsson

**Leikstjórn** Oskaras Korsunovas

**Aðstoðarleikstjórn** Ásdís Þórhallsdóttir

**Leikmynd** Vytautas Narbutas

**Búningar** Filipía Elísdóttir

**Lýsing** Björn Bergsteinn Guðmundsson

**Tónlist** Högni Egilsson

**Danshöfundur** Katrín Hall

**Hljóð** Jakob Tryggvason

### Leikarar

Ingvar E. Sigurðsson

Hilmir Snær Guðnason

Kristín Þóra Haraldsdóttir

Lára Jóhanna Jónsdóttir

Jörundur Ragnarsson

Jóhann Sigurðarson

Sigrún Edda Björnsdóttir

Guðjón Davíð Karlsson

Hilmar Guðjónsson

Hanna María Karlsdóttir

Jóhanna Vígdís Arnardóttir

Halldór Gylfason

### Dansarar

Katrín Ingvadóttir

Aðalheiður Halldórsdóttir

Hjördís Lilja Örnólfsdóttir

Guðmundur Elías Knudsen

Steve Lorenz, Cameron Corbett

Katrín Johnson

Hannes Egilsson

## Ofvæðrið

**Stórbrotin leikhú sveisla með mögnuðum listamönnum**

Ofvæðrið gerist á eyju, einhvers staðar og hvergi – í ríki hugarflugsins. Þar ræður ríkjum Prospero sem búið hefur í útlegð árum saman ásamt ungri dóttur sinni, skrímslinu Kaliban og Ariel þjóni sínum. Nú loks gefst tækifæri til að gera upp mál in þegar ofsaveður skolar skipi þeirra sem sviku Prospero á land eyjunnar. Atburða rásin sem tekur við er fjórleg enda er upp gjör framundan, ástin kraumar og hinar líkamlegu hvatir eru sterkir drifkraftar. Ofvæðrið hverfist um heiftarleg átök hinna æðri og lægri hvata. Leikrit sem fjallar um fegurðina í dyggðinni og hina nauðsynlegu fyrirgefningu eftir áföll. Ofvæðrið er dásamlegur gleðileikur uppfullur af húmor, ást og krafti. Hér er öllu tjaldað til, ástsælustu leikarar þjóðarinnar, Íslenski dansflokkurinn og einn fremsti leikstjóri heims. Einstök leikhú sveisla sem rambar á mörkum draums og veruleika.

Oskaras Koršunovas hefur verið í hópi fremstu leikstjóra Evrópu síðustu ár og er auk þess leikhússtjóri Borgarleikhússins í Vilnús. Hann hefur sett upp kraftmiklar sýningar klassískra verka og eftirtekt arverðar uppsetningar á nútímaverkum. Koršunovas hefur hlotið fjölda viðurkenninga fyrir verk sín, meðal annars Evrópsku leiklistarverðlaunin. Margverðlaunuð upp færsla Koršunovas á Rómeó og Júlíu var á dagskrá Listahátíðar í vor þar sem hún vakti mikla hrifningu.

Sannkallaður hvalreki á fjörur íslenskra leikhúsunnenda.

**Frumskýnt 29. desember á Stóra sviðinu**



---

Borgarleikhúsið er rekið með  
**sérstökum rekstrarsamningi við Reykjavíkurborg**  
Jafnframt er **ómetanlegur stuðningur** nokkurra  
öflugustu fyrirtækja landsins sem gerir okkur kleift að  
halda áfram að bjóða landsmönnum upp á kraftmikið og  
skapandi leikhús. **Fyrir það erum við afar þakklát.**

---





## Eldri borgari með öllu

- 1 þjóðangersemi
- 1 afgarnell skinkkur
- 2 köfæðar skinkur af lifsmurði
- Vagna eftir smökk

Velt upp úr hámor og borð fram af tærri sníð



Fullkomin lækisvalsla

# VÍS er stoltur máttarstólpi Borgarleikhússins



## Meira fjörefni

**Hjá okkur er opið alla daga!**

Lyfja Lágmúla 7.00 – 1.00

Lyfja Smáratorgi 8.00 – 24.00



© 2019 Lyfja ehf. All rights reserved.

# Golf - GPS

## Fjarlægðarmælar

---



World Platinum m/snertiskjá  
Tilboð: 74.990  
Verð áður: 79.900



Golfbuddy Tour  
Tilboð: 46.900  
Verð áður: 68.900

---

### Nú loksins fáanlegir með íslenskum völlum;

Grafarholt - Korpan - Keilir - Oddur - Leiran - GKG -  
Grindavík - Akureyri - Setberg- Akranes - Kjölur -  
Vatnsleysuströnd - Nesið- Bakkakot - Þorlákshöfn -  
Kiðjabergr - Hveragerði - Selfoss - Suðurnes  
... og fleiri á leiðinni

**Geymir allt að 40.000 velli - Ekkert Afnotagjald**

---

# Golfbúðin

DALSHRAUNI 13 | HAFNARFIRÐI

Sími: 565 1402 | [www.golfbudin.is](http://www.golfbudin.is)

# VERÐ LAUN AÐU PIG!

Egils Gull er stolt Ölgerðarinnar og hefur verið eftirlæti Íslendinga allt frá því hann kom á markað 1. mars árið 1989. Þessi einstaklega bragðgóði og ferski bjór er þýskættaður (Münchner Helles) og er bruggaður við kjöraðstæður af margverðlaunuðum bruggmeisturum okkar. Til að gefa honum sinn einstæða keim er hann bruggaður með ekta íslensku byggi.

## Egils Gull – fersk upplifun



LÉTTÖL



# Hole in One

G O L F V E R S L U N

Bæjarlind 14, Kópavogur S: 5774040

**Allt fyrir golfarann...**

# Góða skemmtun

VISA léttir þér lífið







**Borgarleikhúsið**